

1871.

9. ágúst.

**76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjafsókn í máli handa umboðsmanni.**

Í bréfi 5. júní þ. á. hefir amtið farið fram á, að umboðsmanni Múnkaþverár klausturs, Eggert Gunnarssyni, verði veitt gjafsókn til þess, að skjóta til hæsta rættar dómi hins konunglega íslenska landsyfirrættar, 15. maí þ. á., sem ónýtir fúgetagjörð nokkra, sem tæður umboðsmaður hafði látið fram fara gegn bóndanum Sigurjóni Magnússyni, og dæmir á hann málskostnað og skaðabætur; hafði umboðsmaðurinn byggt landseta þessum út af hálfum Ærlæk í Skinnastaðahrepp, sökum þess að hann stóð ekki í skilum með afgjaldið af jörðunni og niðdi hana niður, og lét síðan víkja honum burt af jörðunni með fúgetagjörðinni.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, að stjórnarráðinu virðist ekki vera næg ástæða til, að láta málið ganga til hæsta rættar, en til þess að komizt verði hjá slíkum málum eptirleiðis, mælumst vèr til að þèr hlutist til um, að hin óheppilega tilvísun til konungsbrefs 11. apríl 1781 9. gr.<sup>1</sup> í byggingarbréfum þeim, sem áður hafa verið útgefin, verði afnáð, og búumst vèr við, að leiguliðar þeir, sem í hlut eiga, gefi samþykki sitt til þess.

9. ágúst.

**77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.**

Útaf bænarskrá, sem hingað hefir borizt beina leið, frá kaupmanni C. D. Túliníus frá Eskifirði, sem um þessar mundir dvelst hèr í borginni, um að fá þann  $\frac{1}{4}$  hluta silfurbergsnámsins í Helgustaðafjalli, sem er þjóðeign, og hann nú sem stendur hefir

<sup>1</sup>) Lovsamling for Island, IV., 582.